

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 15.3.2004
HBK/is

Efni: Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur eru eftirfarandi:

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfræksla vatnsveitu verði skylduverkefni sveitarfélaga í þéttbýli og er verið að herða á skyldunni frá því sem að kveðið er á um í nágildandi lögum. Starfræksla vatnsveitu er ekki skylduverkefni sveitarfélaga utan þéttbýlis. Er þetta vafalaust eina tilvikið sem finna má þar sem skylduverkefni sveitarfélaga tekur aðeins til hluta íbúanna. Athygli skal vakin á að starfræksla vatnsveitu varð fyrst skylduverkefni hluta sveitarfélaga með lögnum 1991.

Frá því lögum um vatnsveitur sveitarfélaga voru sett árið 1991 hafa allmörg sveitarfélög hætt rekstri vatnsveitna og falið það félögum sem þau eiga enn hlut í. Dæmi um slík félög eru sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur og hlutafélögin Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka. Samkvæmt frumvarpinu hafa sveitarfélög einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns. Eingöngu má fela stofnun eða fyrirtæki sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga skyldur sveitarfélagsins. Í samning skal setja ákvæði um eignarétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar, innlausnarrétt sveitarfélags á stofnkerfi og fastafjármunum á tímabilinu. Með þessum ákvæðum er verið að girða fyrir þá þróun sem verið hefur á síðustu árum. Reykjavíkurborg og Akranesveita hefðu t.d. ekki getað sett vatnsveitur sínar inn í OR með þeim hætti sem gert var. Í dag gæti Akranes hugsanlega selt hlut sinn í OR en OR héldi vatnsveitustarfsemi áfram í bænum. Hitaveita Suðurnesja hefur verið að kaupa vatnsveitur af sveitarfélögum á Suðurnesjum sem koma þá ekkert að vatnsveiturekstri. Félög sem ekki eru opinberar stofnanir og starfa á sviði einkaréttar selja í dag þorra landsmanna vatn. Fyrirsjáanlegt er að þessi þróun er það sem koma skal.


Þegar síðustu sveitarstjórnarlög voru sett 1998 var sett nýtt ákvæði í 7. gr. laganna um að sveitarstjórnir skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra. Þetta ákvæði hefur af ýmsum verið skýrt sem stefnumarkandi ákvæði löggjafans og að setja þurfi fyllri ákvæði í sérlög eins og orkulög og lög um vatnsveitur sveitarfélaga. Löggjafinn brást við þessu þegar á árinu 2001 og setti í orkulög heimild til eiganda rafveitu og hitaveitu að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé veitunnar. Í því frumvarpi um vatnsveitur sveitarfélaga sem lagt var fram á síðasta þingi var sambærilegt ákvæði og sett var í orkulögin. Það hefur verið tekið út úr því frumvarpi

sem nú liggur fyrir þinginu. Rekstur veitna, þ.m.t. vatnsveitna hefur verið að færast frá sveitarfélögum yfir til félaga sem starfa á sviði einkaréttar, sameignarfyrirtækja (OR) eða hlutafélaga (HS). Það er markmið slíkra félaga að skila eigendum sínum arði. Til þess að svo megi vera verða að vera skýr ákvæði um þetta í þeim sérlögum sem gilda um viðkomandi starfsemi.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir er ekki í takt við þær breytingar sem átt hafa sér stað og þá þróun sem fyrir sjáanleg er á næstu árum. Nauðsynlegt er að gera breytingar á þessu frumvarpi í samræmi við þær athugasemdir sem að ofan greinir.

Að síðustu skal þess getið að á vegum iðnaðarráðuneytis fer nú fram endurskoðun á vatnalögunum sem sett voru árið 1923. Í þeim lagabálki er fjallað um vatnið, vatnsveitufélög og margt annað. Að mínu mati ættu ákvæði um vatnsveitur sveitarfélaga að vera hluti af þeim lagabálki og málaflokkurinn að heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur,



Hjörleifur B. Kvaran, hrl.